

1874.

2. júlí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið samþykkir þessa ráðstöfun og leyfir, að jörðin verði byggð fyrst um sinn með þeim kjörum, sem nú var sagt.

2. júlí.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir skaða af jarðskjálfta.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stingur uppá, að veita megi landsetanum á jörðunni Keflavík, sem heyrir undir Möðruvalla klaustursgóz, Halldóri Sveinssyni, og landsetanum á Granastöðum, sem er ein af Nordursýslu jörðunum, Guðjóni Halldórssyni, endurgjald fyrir skaða þann, sem húsin á tæðum jörðum urðu fyrir við jarðskjálfta í apríl 1872, og sem samkvæmt þeim skoðunargjörðum, sem hingað eru sendar, er virtur 47 rd. og 65 sk., og skyldi þetta endurgjald að minnsta kosti samsvara helmingnum af því, sem skaðinn er virtur til og fyr var nefnt. Þér hafið nú mælt með þessari uppástungu amtmanns á þá leið, að báðum landsetunum verði gefið svo mikið eptir af landskuldargjaldi þeirra, sem samsvari helmingnum af skaðanum, 23 rd. 48 sk. öðrum þeirra og hinum 32 rd. 48 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

2. júlí.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðum.

Með bréfi, dagsettu 16. dag aprílm., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður-